




### Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




### Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



### Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.09.2017

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

### Orðsending fjárfestingaráðs:

Innlend ríkisskuldabréf hækkuðu um 0,4% á 3. ársfjórðungi eftir 4,1% hækkun ársfjórðunginn á undan. Verðtryggt ríkisskuldabréf hækkuðu um 1,1% á meðan að óverðtryggt gáfu töluvert eftir (-1,3%). Skýringuna er helst að finna í auknum verðbólguvæntingum í kjölfar veikingar krónunnar undanfarna mánuði. Innlend hlutabréf gáfu töluvert eftir (-6,2%), einkum og sér í lagi Hagar hf. sem lækkuðu um 20,6% í kjölfar tveggja afkomuviðvaranna á ársfjórðungnum. Erlendir hlutabréfa-

markaðir héldu áfram að hækka í framhaldi af auknum hagvexti og hagvaxtarspám á heimsvísu auk þess sem verðbólga virðist víðast hvar ætla að vera lág og stöðug sem minnkar líkur á vaxtahækkunum. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 5,2% (USD) í mánuðinum og er ávöxtun ársins ríflega þreföld ávöxtun meðalárs. Gengisvísitala íslensku krónunnar veiktist um 5,0% á fjórðungnum sem þýðir að ávöxtun erlendra eigna var afar góð.